

Bókun fulltrúa Samtaka fiskvinnslustöðva

Í nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða

Með bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 4. júní 2009 var Samtökum fiskvinnslustöðva boðið að tilnefna fulltrúa í starfshóp um endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar. Í bréfinu kemur fram í hverju vinna starfshópsins skuli felast og þar segir að settir skuli fram valkostir um leiðir til úrbóta þannig að sjávarútveginum verði sköpuð góð rekstrarskilyrði til langs tíma, en jafnframt að sátt náist um stjórn fiskveiða.

Samtök fiskvinnslustöðva hefur þá skýru afstöðu að byggja skuli fiskveiðistjórn á fyrirkomulagi framseljanlegra aflaheimilda (aflahlutdeild og aflamark) þar sem réttthafar aflaheimilda hafa vel skilgreindan, varanlegan og tryggan rétt. Með því er best tryggt að rekinn sé sjálfbær og arðbær sjávarútvegur sem skilar þeim sem hann stunda og þeim sem byggja á honum með óbeinum hætti s.s. þjónustuaðilum, lánardrottnum og samfélaginu öllu mestum arði. Það er ekki einungis að öruggt lagaumhverfi tryggi rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna heldur skiptir það sköpum að þeir sem nýta fiskistofnana hafi að leiðarljósi langtímamarkmið um uppbyggingu og viðgang þeirra. Mikilvægt er að missa ekki sjónar á þessum grundvallaratriðum við umfjöllun um fiskveiðistjórnun. Það eru ekki eingöngu Íslendingar sem hafa séð mikilvægi þessara sjónarmiða varðandi fiskveiðistjórnun heldur eru þau viðurkennd um allan heim.

Það lá ljóst fyrir í upphafi að starfshópurinn var að taka að sér afar vandasamt verkefni. Meginatriðið sem fulltrúar Samtaka fiskvinnslustöðva hafa unnið eftir var að ná sátt um leiðir sem munu leiða til þess að markmiðið um góð rekstrarskilyrði til langs tíma og sátt um stjórn fiskveiða nái fram að ganga. Miklu skiptir að möguleikar til hráefnisöflunar og atvinnuöryggi starfsfólks sé áfram tryggt með beinum viðskiptum útgerðar og fiskvinnslu og á fiskmörkuðum. Vægi sjávarútvegsins í þjóðarþúskapnum hefur aukist mjög í kjölfar efnahags- og bankahrunsins og hefði hugmyndir um innköllun aflaheimilda náð fram að ganga haft gríðarleg áhrif á stöðu sjávarútvegsfyrirtækja og svipt eina af meginstöðum atvinnulífisins rekstargrundvelli, þegar þjóðin þarf á öllu sínu að halda.

Fjarvera fulltrúa SF í starfshópnum frá mars til loka júní á þessu ári í kjölfar samþykktar frumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var til að undirstrika mikilvægi þess að starfshópurinn gæti unnið sín mikilvægu störf, án þess að sífellt væri gripið inn í verkefnið með lagasetningu sem raskaði tilganginum með starfi hópsins. Tímabundin fjarvera okkar úr nefndarstarfinu hafði þau áhrif að við tókum ekki þátt í fundum hópsins, en höfðum aðgang að flestum fundargögnum sem þar voru lögð fram, að frátölu 2-3 vikna tímabili í júní sl.

Sá háttur sem viðhafður var við ritun skýrslunnar að geta þess að meirihluti starfshópsins sé sammála um ákveðna hluti, eða leggi þá til, án þess að tilgreina um hverja er að ræða gerir skýrsluna ómarkvissari en ella væri. Mikilvægt er að hafa í huga að fjölmargir aðilar skipuðu fulltrúa í starfshópinn til að sem flest sjónarmið fengju að koma fram. Fulltrúi SF í starfshópnum lagði fram heilstæðar tillögur í janúar 2010 sem vörðuðu nokkur meginatriði við stjórn fiskveiða, svo sem samningum um nýtingarrétt sjávarútvegsfyrirtækja til langs tíma og endurnýjun og framlengingu þeirra á samningstímabilinu og að aflaheimildir verði framseljanlegar. Þetta var gert með það fyrir augum að leggja grunninn að víðtækri sátt innan starfshópsins til þeirra valkosta sem starfshópurinn tæki afstöðu til.

Skýrsla starfshópsins með fylgiskjöllum er æði viðamikil og þar koma fyrir mörg álitamál sem fengu umfjöllum í hópnum. Skiptar skoðanir innan hópsins til álitaefna í sjávarútvegi koma engum á óvart.

Í þessari bókun fulltrúa SF verður að endingu vikið að tveimur mikilvægum málum sem starfshópurinn ræddi og náði að lokum víðtækri sátt um. Í fyrsta lagi náðist sátt um að fara svokallaða **Samningaleið** er varðar samninga sjávarútvegsfyrirtækja um langtíma nýtingu aflaheimilda og endurúthlutun en einstaka nefndarmenn hafa fyrirvara um ákveðin atriði. Í annan stað að mæla með því að áfram verði byggt á aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða. Það er mikilvægt fyrir langt og strangt nefndarstarf að það skilaði að lokum þeirri niðurstöðu að hópurinn náði saman um þessi tvö grundvallaratriði um stjórn fiskveiða.

Samtök fiskvinnslustöðva leggja til í framhaldi af þessari skýrslu að farið verði í þá vinnu að útfæra nánar **Samningaleiðina** og að verkið verði unnið í sátt við hagsmunaðila í sjávarútvegi. Þetta er lagt til þrátt fyrir að samningaleið muni skerða núverandi rétt sjávarútvegsfyrirtækja. Við teljum það skipta miklu fyrir sjávarútveginn að tryggja stöðugleika í lagaumhverfi greinarinnar til langs tíma og um leið langtímahagsmuni í rekstri fyrirtækjanna í þessari mikilvægu atvinnugrein.

Þessi skoðun helgast að því að með því verði sköpuð víðtæk sátt um fiskveiðistjórnunina. Það er einnig forsenda af okkar hálfu að ásættanleg niðurstaða náist um **Samningaleiðina** í framhaldi af starfi starfshópsins m.a. um samningstíma, framlengingar samningstíma, framsal veiðiheimilda sem styrkir m.a. grundvöll smærri sjávarútvegsfyrirtækja. Þá er mjög mikilvægt að sátt náist um þann hluta aflaheimilda sem verði ráðstafað framhjá aflahlutdeild aflamarksskipa í sérstakan „pott“ sem inniheldur ýmsar ívilnanir sem fyrir eru og stjórnvöld hafa ákveðið á hverjum tíma með lagasetningu.

Reykjavík, 6. september 2010

Arnar Sigurmundsson